



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

Fundargerð

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki,
17.-19. október 2013

Ingibergur Guðmundsson, Stefán Haraldsson





FIMMTUDAGUR 17. OKTÓBER 2013

Pingsetning

Bjarni Jónsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna.

Því næst tilnefndi hann Herdís Á Sæmundardóttur, Harald Þór Jóhannsson og Inga Björn Árnason, Skagafirði, sem þingforseta. Var það samþykkt. Tók Herdís Á Sæmundardóttir við fundarstjórn.

Tillaga að starfsmönnum fundarins

Þingforseti lagði fram tillögu að öðrum starfsmönnum þingsins:

Varaþingforsetar: Stefán Vagn Stefánsson og Sigríður Svavarsdóttir, Skagafirði
Þingritarar: Ingibergur Guðmundsson og Stefán Haraldsson, starfsmenn SSNV
Varaþingritarar: Laufey Kristín Skúladóttir og Gudrun Kloes, starfsmenn SSNV

Tillagan var samþykkt.

Tillaga um skipun kjörnefndar

Þingforseti lagði fram tillögu stjórnar um skipan kjörnefndar:

Ásta B. Pálmadóttir	Sveitarfélagið Skagafjörður
Úlfar Sveinsson	Sveitarfélagið Skagafjörður
Oddný María Gunnarsdóttir	Blönduós bær
Jens P. Jensson	Húnavatnshreppur
Elín Jóna Rósinberg	Húnaþing vestra

Tillagan var samþykkt.

Tillaga um þingnefndir og fundarboðendur þeirra

Þingforseti lagði fram tillögu um þingnefndir og fundarboðendur þeirra:

- Fjárhags- og laganefnd: Elín Líndal, Húnaþingi vestra, kallar nefndina saman.
- Allsherjarnefnd: Stefán Vagn Stefánsson, Skagafirði, kallar nefndina saman.

Tillagan var samþykkt.

Málefni fatlaðs fólks

Starfsskýrsla verkefnisstjóra málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra, ársreikningur 2012 og fjárhagsáætlun 2014

Verkefnisstjóri Byggðasamlags um málefni fatlaðra, Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, flutti starfsskýrslu sína sem miðast við tímann milli ársþinga SSNV. Einnig fór Gréta Sjöfn yfir ársreikninga byggðasamlagsins fyrir árið 2012.

Gréta Sjöfn ræddi um framlög Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2013. Taldi hún óásættanlegt að tilkynning um framlagið kæmi á miðju rekstrarári en af 15 þjónustusvæðum þá er skerðing til Norðurlands vestra langmest og kom sú skerðing mjög á óvart. Staðreyndin væri sú að áætlun fyrir rekstrarárið 2013 væri 66-91 millj. kr. hærrí en framlögin.



Gréta Sjöfn kynnti tvær sviðsmyndir að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014; sviðsmynd A miðaðist við núverandi þjónustu og nýja og aukna þjónustu en sviðsmynd B um 7% lækkun miðað við reksturinn á yfirstandandi ári. Hún tók fram að áætlanirnar væru unnar í mikilli óvissu um tekjuframlög yfirstandandi árs ásamt því að tekjuforsendur ársins 2014 lægju ekki fyrir.

Norðurland vestra er þátttakandi í tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) sem er nýtt verkefni á landsvísu. Óvíst er hins vegar um framhald þessa verkefnis vegna óvissu um fjármagn.

Að lokum þakkaði Gréta Sjöfn samstarfsaðilum, sveitarfélögum og starfsmönnum þeirra fyrir árangursríkt og farsælt samstarf, sem og stjórn SSNV og framkvæmdastjóra.

Gréta Sjöfn studdist við glærur sem eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV en vísaði einnig til ársskýrslu SSNV 2012.

Yfirlit um stöðu og framkvæmd málefna fatlaðra hjá þjónustusvæðum byggðasamlagsins

Eydís Aðalbjörnsdóttir, félagsmálastjóri Húnaþings vestra, fór yfir stöðu mála í Húnaþingi vestra. Studdist hún við glærur sem eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Auður Herdís Sigurðardóttir, félagsmálastjóri A-Hún., ræddi um NPA, notendastýrða persónulega aðstoð, tilraunaverkefni sem Norðurland vestra er þátttakandi í. Studdist hún við glærur sem eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Gunnar M. Sandholt, félagsmálastjóri Skagafjarðar, fór yfir áhrif reglugerðar Jöfnunarsjóðs á búsetuþjónustu og frekari liðveislunni. Studdist hann við glærur sem eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Hjörtur Hjartarson, félagsmálastjóri Fjallabyggðar, flutti yfirlit yfir stöðu og framkvæmd málefna fatlaðra hjá þjónustusvæðum byggðasamlagsins. Studdist hann við glærur sem eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Eyrún Rafnsdóttir, félagsmálastjóri Dalvíkurbyggðar, fór yfir þjónustu við fötluð börn. Studdist hún við glærur sem eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Umræður um skýrslur og tillögur lagðar fram

Ágúst Þór Bragason, formaður starfshóps SSNV um málefni fatlaðra, fjallaði um reglur um skiptingu fjármagnsins til þessa málaflokks o.fl. Síðan flutti hann eftirfarandi tillögu frá stjórn SSNV:

Stjórn SSNV leggur til að afgreiðslu fjárhagsáætlunar byggðasamlags um málefni fatlaðra verði vísað til afgreiðslu á aukaárþingi SSNV sem haldið verði fyrir lok nóvember 2013. Greinargerð:

Stjórn SSNV telur ekki fært að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2014, þar sem hvorki liggja fyrir tekjuforsendur ársins 2014 eða hver endanleg framlög vegna ársins 2013 verða.

Á ársþinginu verða lagðar fram til kynningar tvær sviðsmyndir varðandi fjárhag málaflokksins, annars vegar áætlun sem tekur mið af fjárhagsáætlun ársins 2013 og hins vegar áætlun sem tekur mið af því að fjárframlög ársins verði svipuð og áætluð framlög 2013. Á framhaldsaðalfundi verði fjárhagsáætlun lögð fram og unnið áfram með hugmyndir varðandi framtíðarskipan í málefnum fatlaðs fólks á þjónustusvæði byggðasamlagsins.

Aðrir sem til máls tóku: Elín Líndal, Sigurjón Þórðarson og Bjarni Jónsson



Tekjuforsendur og fjárhagsumgjörð

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, fór yfir söguleg atriði í yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra og það endurmat sem þarf að gera á stöðunni í dag. Studdist hann við glærur sem eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Guðni Geir Einarsson, starfsmaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, ræddi um aðdraganda yfirfærslunnar og þróunina til þessa dags, sem og þær reglur sem Jöfnunarsjóðurinn styðst við. Studdist hann við glærur sem eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Elín Pálsdóttir, framkvæmdastjóri Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fjallaði um greiðslu- og rekstraráætlun varðandi málefni fatlaðra 2013 og 2014. Studdist hún við glærur sem eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Fyrirspurnir

Til máls tóku: Sigurjón Þórðarson, Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, Ágúst Þór Bragason, Gunnar Sandholt. Framsögumenn svöruðu þeim fyrirspurnum sem beint var til þeirra.

Hópastarf

Hópastarf um málefni fatlaðra:

- a) Fjármál, húsnæðismál, samstarf og stjórnskipulag. Ágúst Þór Bragason stýrir umræðum.
- b) Þjónusta, búsetustefna og framtíðarsýn. Gunnar Sandholt stýrir umræðum

Þingfulltrúar völdu sjálfir í hvorn hópinn þeir skipuðu sér. Tóku hóparnir þegar til starfa.

Niðurstöður hópastarfs

Hópur a) Ágúst Þór Bragason gerði stuttlega grein fyrir umræðum í starfshópnum. Líklegt væri að hagræða þyrfti í rekstri málaflokksins og miða þjónustuna við þá stöðu sem uppi væri. Til greina kæmi að lækka þóknun til SSNV fyrir yfirstjórn. Skilgreina verði fjármagn sjálfstætt í skammtímvistanir. Reikna þurfi kostnaðinn þar sem hann verður til. Mikil sátt er um framkvæmd verkefnisins.

Hópur b) Gunnar Sandholt gerði stuttlega grein fyrir umræðum í starfshópnum. Áhersla var lögð á dreifða þjónustu og til þess var Jöfnunarsjóðurinn stofnaður. Mikilvægt væri að leggja áfram áherslu á á dreifða og samþætta þjónustu fyrir börn.

Afgreiðsla vegna málefna fatlaðra

Þingforseti vísaði ársreikningum, fjárhagsáætlun og tillögu um aukaárþing til Fjárhags- og laganeftar. Síðan var þingfundi frestað, kl. 17.15, til næsta dags.



FÖSTUDAGUR 18. OKTÓBER 2013

Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra

Fundargerð aðalfundar er að finna á heimasíðu SSNV undir liðnum Menningarráð.

Þingstörfum 21. ársþings SSNV var fram haldið kl. 10:00 og tók Haraldur Þór Jóhannsson við starfi þingforseta.

Starfsskýrslur

Skýrsla stjórnar SSNV

Formaður sambandsins, Bjarni Jónsson, flutti skýrslu SSNV fyrir árið 2012. Hann vísaði til greinargerðar í prentaðri ársskýrslu 2012 en dró fram nokkur áhersluatriði í máli sínu. Starfsárið var viðburðaríkt, verkefnum fjölgar ár frá ári og álag á starfsmenn eykst. Meiri áhersla er lögð á margs konar greiningarvinnu um stöðu landshlutans til að fylgja eftir áherslum samtakanna og almennri hagsmunagæslu.

Bjarni sagði að það væri sótt að landshlutanum, t.d. fækkar opinberum störfum, þjónusta skerðist og skilningur yfirvalda væri oft lítill. Í stefnuýfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar væri meira tekið á málefnum landsbyggðarinnar en oft áður sem er jákvætt en spurningin væri um efndirnar.

Hann ræddi um Sóknaráætlun landshluta en vinnan þar hefði þróast í gagnvirkt samráð við ríkisvaldið og ánægjulegt að þar væri litið á landshlutann sem stjórnsýslulega og þjónustulega heild. Niðurskurð á fjárlögum til sóknaráætlunarinnar þyrfti því að leiðrétta.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á málefni ungs fólks í landshlutanum og búsetuskilyrði þeirra og mikil vinna farið fram í því sambandi.

Alger óvissa er um stjórnsýslulega stöðu byggðamála og ekki vitað hvar sá málaflokkur lendir.

Hann ræddi málefni Byggðasamlags fatlaðra og taldi vert að íhuga hvort koma ætti þeim málaflokki í sérstakt félag og með sérstakri stjórn. Hér hefði verið unnið margvíslegt frumkvöðlastarf sem eftir væri tekið.

Hvað almenningsamgöngur á landi varðar þá hefur margt tekist þar vel og þjónustan við íbúana hefði batnað. Hins vegar er verkefnið í uppnámi vegna vanefnda ríkisins og forsendubrests.

Framundan er endurskoðun á samgönguáætlun og þar þarf að fylgja vel eftir hagsmunamálum landshlutans. E.t.v. væri rétt að stofna sérstaka samgöngunefnd eins og gert væri í sumum öðrum landshlutum.

Framundan eru mörg og mikilvæg verkefni sem vinna þarf að. Því er mikilvægt að heimamenn standi saman í að verja hagsmuni svæðisins, jafnvel þó hagsmunir einstakra hluta svæðisins væru mismikil eftir málaflokkum.

Að lokum þakkaði Bjarni starfsfólki SSNV fyrir gott starf og óskaði þingfulltrúum árangursríks þings.

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Sigurjón Þórðarson, greindi frá helstu atriðum í starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2012.

Sigurjón lauk máli sínu með því að þakka framkvæmdastjóra SSNV og hans starfsfólki fyrir samstarf og stuðning, sem og sveitarstjórnarmönnum og starfsfólki heilbrigðiseftirlitsins.

Skýrsluna í heild er að finna í prentaðri ársskýrslu SSNV.



Skýrsla framkvæmdastjóra, ársreikningar 2012 og fjárhagsáætlanir 2014

Framkvæmdastjóri SSNV, Katrín María Andrésdóttir, flutti kveðju frá Jóni Óskari Péturssyni framkvæmdastjóra SSNV sem er nú í ársleyfi. Hún þakkaði Baldri Valgeirssyni, fyrrverandi starfsmanni SSNV, fyrir langa og góða þjónustu en Baldur lét af störfum vegna aldurs fyrr á þessu ári eftir 21 árs starf.

Helstu verkefni SSNV á árinu 2012 voru; almenn hagsmunagæsla fyrir svæðið, málefni fatlaðs fólks, atvinnuþróun, menningarsamningur, vaxtarsamningur, almenningssamgöngur, sóknaráætlun og málefni ungs fólks.

Katrín María ræddi helstu þætti í starfsemi SSNV og SSNV atvinnuþróunar. Samstarfsverkefni með SSV og Eyþingi um almenningssamgöngur hefur að mörgu leyti gengið vel og þjónustan við íbúana batnað. Hins vegar hefur orðið forsendubrestur í rekstri þar sem fyrirheit ríkisins um sérleyfi á leið 57 og olúgjald hafa ekki gengið eftir.

Á árinu 2012 var ein úthlutun hjá Vaxtarsamningi Norðurlands vestra. Mikil pappírsvinna fylgir þessu verkefni, bæði hjá SSNV og styrkhöfum.

Hvað Sóknaráætlun landshluta varðar þá fór mikill undirbúningur fram á síðasta ári, samráðsvettvangur var starfandi og verkefnum var forgangsraðað. Sex verkefni fengu grænt ljós og var heildarfjárveitingin 43,5 milljónir fyrir árið 2013. Ánægja er með fyrirkomulag verkefnisins en áhyggjur eru með framhaldið þar sem í fjárlögum fyrir árið 2014 er ekki gert ráð fyrir framlagi í Sóknaráætlun landshluta.

Stjórn SSNV samþykkti á síðasta ári að leggja sérstaka áherslu á málefni ungs fólks enda hlutfallslega færra ungt fólk á svæðinu en landsmeðaltal. Unnin var margvísleg hugmyndavinna, m.a. í samstarfi við ýmsa aðila innan svæðisins og m.a. útbúnir tilbúnir verkþakkar í IPA umsókn, sem nýta má sjálfstætt eða sem heild í öðrum samstarfsverkefnum innanlands og utan.

Katrín María fór síðan yfir ársreikninga SSNV, SSNV atvinnuþróunar og Vaxtarsamnings Norðurlands vestra, fyrir árið 2012. Einnig gerði hún grein fyrir rekstraráætlunum fyrir árið 2014. Þá ræddi hún ítarlega þær skuldbindingar og möguleg frávik sem útlit væri fyrir á næsta ári.

Katrín María þakkaði að lokum starfsfólki SSNV, stjórnarmönnum, fulltrúum sveitarfélaga og öðrum sem að starfsemi komu fyrir ánægjulegt samstarf.

Katrín María studdist við glærur í máli sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV auk þess sem vísað er til prentaðrar ársskýrslu 2012.

Fyrirspurnir og umræður um starfsskýrslur.

Til máls tóku: Halldór Gunnar Ólafsson, Stefán Vagn Stefánsson og Katrín María Andrésdóttir.

Þingforseti vísaði að svo búnu ársreikningunum og fjárhagsáætlunum til fjárhags- og laganeftar.

Tillögur og ályktanir lagðar fram

Bjarni Jónsson, formaður stjórnar SSNV, lagði fram eftirfarandi tillögur stjórnar SSNV og menningarráðs að ályktunum.

Starfsemi og þjónusta eftirlitsstofnana á svæðis- og landsvísu

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, leggur áherslu á að eftirlit og þjónusta við eftirlitsskylda starfsemi skuli innt af hendi af Heilbrigðiseftirliti, Vinnueftirliti og öðrum eftirlitsaðilum á Norðurlandi vestra. Jafnframt verði eftirlitsaðilum á Norðurlandi



vestra falin önnur þau verkefni sem annast þarf á þeim vettvangi í stað þess að færa þau til miðlægra stofnanna sem oft hafa takmarkaða þekkingu á staðháttum og starfsemi á svæðinu. Brýnt er að samræma og samþætta eftirlitsstarfsemi til að draga úr heildarkostnaði við eftirlit og þeim kostnaði sem fellur á fyrirtæki og atvinnulíf.

Heilbrigðisþjónusta

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, skorar á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að standa vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt á Norðurlandi vestra og byggja upp nauðsynlega og stöðuga grunnþjónustu eftir langvarandi niðurskurð og hagræðingu. Þessi mikilvæga nærþjónusta er grundvöllur búsetu og atvinnustarfsemi, ásamt því að vera grunnforsenda þegar kemur að búsetuvali. Óásættanlegt er að þjónustan verði skert meira en orðið er enda munu slíkar skerðingar valda auknu óöryggi meðal íbúa og fyrirtækja og veikja þannig búsetuskilyrði. Farið verði að ósk heimamanna um stjórnun heilbrigðisþjónustu í héraði.

Sóknaráætlun landshluta

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, lýsir ánægju með það fyrirkomulag sem á hefur komist á vettvangi Sóknaráætlunar landshluta þar sem forræði fjármuna og verkefna hefur verið á höndum heimamanna með samþættingu áætlana og samninga um verkefni á svæðinu að leiðarljósi. Þingið skorar á stjórnvöld að fylgja eftir því starfi sem unnið hefur verið og tryggja að áfram verði veittir fjármunir í verkefni innan áætlunarinnar.

Almenningssamgöngur

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, lýsir yfir ánægju með aukna þjónustu við íbúa á sviði almenningssamgangna sem hefur reynst mikilvægur þáttur í að styrkja samgöngur innan svæðis og tengja það við aðra landshluta. Vaxandi fjöldi farþega sýnir, svo ekki verður um villst, að áhugi er fyrir að nýta þjónustuna og þróa hana enn frekar. Ársþingið harmar hinsvegar að ekki skuli hafa gengið eftir þau fyrirheit sem gefin voru af hálfu ríkisins varðandi einkaleyfi á umsömdum akstursleiðum og ríkið hafi einhliða ákveðið að hætta niðurgreiðslu olúgjalds vegna almenningssamgangna, með þeim afleiðingum að afkoma verkefnisins hefur ekki orðið í samræmi við áætlanir.

Jafnframt áréttar stjórn SSNV að ekki verði lögð vinna í skipulagningu þjónustu til framtíðar fyrr en gengið hefur verið frá samkomulagi um uppgjör varðandi leið 57 og tengdra leiða og leiðréttur hefur verið sá óásættanlegi forsendubrestur sem orðið hefur frá því að landshlutasamtök sveitarfélaga tóku við verkefninu með samningi við ríkið.

Ársþingið telur áframhaldandi aðkomu sveitarfélaga að verkefninu byggjast á að fjárframlög ríkisins og farþegatekjur dugi fyrir rekstrarkostnaði og að bætt verði lagaleg umgjörð verkefnisins svo umboð til sérleyfisaksturs verði skýrt og óskorað. Ekki er ásettlegt að kostnaði við almenningssamgöngur verði velt yfir á sveitarfélögin eða ríkið sjái sér leik á borði að nýta sér þær sem nýjan tekjustofn á kostnað sveitarfélaganna.

Miðstöð innanlandsflugs áfram í Vatnsmýrinni

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, mótmælir harðlega þeim áformum að flugvöllurinn í Reykjavík verði fluttur úr Vatnsmýri og skorar á borgaryfirvöld og Alþingi að tryggja að staðsetning flugvallar og innanlandsflugs til Reykjavíkur verði óbreytt. Þar er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir alla íbúa landsins hvort sem litið er til öryggis, sjúkraflugs, samskipta við stjórnslu eða annarrar þjónustu sem staðsett er á höfuðborgarsvæðinu en ætlað er að þjóna landinu öllu.



Samgöngumál

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, leggur ríka áherslu á að unnið verði áfram að uppbyggingu vega á Norðurlandi vestra og mótmælir harðlega því fálæti sem landshlutanum hefur verið sýnt þegar kemur að nýframkvæmdum í Samgönguáætlun 2011-2022. Leggja verður áherslu á að hlutur Norðurlands vestra verði réttur í þeirri vinnu sem nú er að hefjast við endurskoðun Samgönguáætlunar.

Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra hafa lagt á það áherslu að byggja upp greiðari samgöngur innansvæðis, m.a. með viðhaldi núverandi vegakerfis og stækkun atvinnu- og skólasóknarsvæða að leiðarljósi.

Aukin umferð ferðafólks kallar víða á úrbætur á héraðsvegum af öryggissjónamiðum og nauðsynlegt er að leggja héraðs- og tengivegi bundnu slitlagi. Þar með er ekki sagt að í öllum tilvikum þurfi að vera um að ræða tvíbreiða vegi. Þingið beinir því til innanríkisráðherra að eftirfarandi framkvæmdir á Norðurlandi vestra verði settar á samgönguáætlun:

- *Pverárfjallsvegur: Endurbygging Skagastrandarvegur frá Þjóðvegi 1 að Höskuldsstöðum. Jafnframt verði lokið við frágang vegarins á Sauðárkróki, en það verk er nú hafið.*
- *Héraðs- og tengivegir: Afar brýnt er að stórbæta viðhald héraðs- og tengivega í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og að þeir verði lagðir bundnu slitlagi. Ekki er ásettannlegt að hagsmunir íbúa á Norðurlandi vestra verði áfram fyrir borð bornir þegar kemur að úthlutun fjármuna til viðhalds og nýframkvæmda héraðs- og tengivega. Þingið krefst þess að fjármunir til héraðs- og tengivega á starfssvæði SSNV verði stóráuknir frá núgildandi Samgönguáætlun, jafnframt verði úthlutað í nýrri áætlun fjármunum til að halda megi áfram nauðsynlegri uppbyggingu og viðhaldi. Eftirfarandi framkvæmdir eru áherslur ársþingsins:*
 - *Vatnsnesvegur 711*
 - *Miðfjarðarvegur 704*
 - *Svínvetningabraut 731*
 - *Skagavegur 745*
 - *Skagafjarðarvegur 752*
 - *Reykjastrandarvegur 744*
- *Þjóðvegur 1: Áfram verði unnið að viðhaldi og breikkun þjóðvegur 1 á starfssvæði SSNV.*
- *Vegstæði um Holtavörðuheidi: Nú þegar verði hafnar athuganir á lækun vegstæðis þjóðvegur 1 um Holtavörðuheidi og sú framkvæmd sett á Samgönguáætlun. Ársþingið beinir því til þingmanna kjördæmisins að beita sér fyrir að þessar framkvæmdir nái fram að ganga sem fyrst.*

Jafnframt skorar þingið á innanríkisráðherra að tryggja áframhaldandi áætlunarflug til Sauðárkróks og minni á að óviðunandi er að Norðurland vestra verði eini landshlutinn sem ekki liggur að höfuðborgarsvæðinu sem ekki nýtur þjónustu innanlandsflugs.

Skerðingu á pósthjónustu mótmælt

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, lýsir furðu sinni á framkomnum hugmyndum um breytingu á reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu. Ef breytingarnar ná fram að ganga verður pósti í dreifbýli eingöngu dreift annan hvern virkan dag. Er þar fylgt á eftir harkalegri þjónustuskerðingu sem keyrð hefur verið af hálfu Póstsins undanfarin ár þar sem fjöldi pósthúsa hefur verið lokað á þéttbýlisstöðum vítt og breitt um landið. Einnig hefur víða verið lögð af póstdreifing til heimila í dreifbýli sem er í hróplegu ósamræmi við almenna jafnræðisreglu sem ríkisfyrirtæki í almannathjónustu ber að virða.



Við kynningu á fyrrgreindum breytingum hefur verið vísað til þess að rafrænar sendingar á pósti hafi stórauðist á undanförunum árum og að flestir landsmenn hafi aðgang að reikningum í gegnum heimabanka enda hafi þeir nær allir aðgang að háhraðatengingum eftir aðkomu fjarskiptasjóðs. Minnir þingið í því sambandi á fréttir víðs vegar af landinu um afar slæmar og hægar nettengingar sem íbúar landsbyggðarinnar búa við og þurfa að auki að greiða sama verð fyrir og íbúar svæða sem njóta raunverulegra háhraðatenginga.

Þingið minnir enn fremur á að í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar Íslands segir að hún leggi áherslu á jafnrétti til búsetu og að íbúar landsins fái notið þeirrar grunnþjónustu sem gera á kröfu um í nútímasamfélagi. Ef innanríkisráðherra undirritar ofangreinda reglugerð svíkur hann yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar þannig eftir aðeins 5-7 mánuði í starfi.

Þing SSSNV skorar á innanríkisráðherra og ríkisstjórn Íslands að standa við gefin fyrirheit í stefnuyfirlýsingu sinni og horfa til framtíðar í stað þjónustustigs sem heyrir fortíðinni til.

Atvinnumál

21. ársþing SSSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, leggur áherslu á eftirfarandi þætti í atvinnumálum:

- Að tafarlaust verið ráðist í stækkun Blönduvirkjunar og orkuframleiðsla virkjunarinnar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu eins og stjórnvöld gáfu fyrirheit um á sínum tíma. Þingið skorar á stjórnvöld að beita sér sérstaklega fyrir því að áform um uppbyggingu iðnaðar nái fram að ganga á starfssvæði samtakanna.
- Mikilvægt er að tryggja stöðugleika og framþróun í rekstrarumhverfi sjávarútvegs og landbúnaðar sem eru grunnstoðir atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Þingið leggur þunga áherslu á að hagsmunir sjávarútvegs og landbúnaðar verði tryggðir í hvívetna.
- Strandveiðar hafa sannað gildi sitt og haft jákvæð áhrif. Mikilvægt er að þróa það kerfi áfram. Þá er einnig mikilvægt að byggðastuðningur í gegnum línuúvilnun og byggðakvóta verði áfram til staðar.
- Flutningskostnaður er landsbyggðarskattur og því er afar brýnt að tillögur um skerðingu á fjármunum til jöfnunar flutningskostnaðar verði endurskoðaðar í því skyni að jafna kjör allra landsmanna í þessum efnum. Þá telur þingið að taka þurfi skattlagningu á eldsneyti til endurskoðunar því hátt eldsneytisverð hefur nú þegar haft neikvæð áhrif, m.a. á ferðaþjónustu og framleiðslukostnað fyrirtækja á landsbyggðinni.
- Fjármagn verði tryggt til forgangsverkefna í Sóknaráætlun landshlutans og annarra verkefna í samræmi við forgangsröðun heimamanna. Fyrir liggur að skerðing á framlögum til opinberrar starfsemi hefur hvergi orðið meiri undanfarin ár en á Norðurlandi vestra. Brýnt er að ógna ekki frekar búsetuskilyrðum og byggðaðróun í landshlutanum með vanhugsuðum skerðingum og samdrætti í framlögum og þjónustu, þar sem vilji heimamanna og hagsmunir hafa ítrekað verið fyrir borð bornir.
- Starfsemi landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaganna verði tryggð. Þingið leggur áherslu á að SSSNV verði leiðandi í boðaðri endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífsins í landshlutanum og bendir í því sambandi á markmið Sóknaráætlunar landshluta um aukin áhrif sveitarfélaga og aðila í héraði í svæðisbundinni stefnumótun.
- Að aðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni á samkeppnishæfum kjörum verði tryggt, m.a. í gegnum lánasvið Byggðastofnunar og aðrar fjármálastofnanir í landinu.

Refa- og minkaveiðar

21. ársþing SSSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, skorar á ríkisvaldið að veita auknu fjármagni til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink. Veiðarnar stuðla að því að unnt sé að meta og draga úr tjóni af völdum refa og minka og tryggja nauðsynlegt jafnvægi í lífríkinu. Oft fellur til mikill kostnaður á fámenn en landmikil sveitarfélög vegna veiðanna. Þingið fer fram á endurgreiðslur á virðisaukaskatti til sveitarfélaganna vegna veiðanna, til



lækkunar á kostnaði. Þá fer þingið einnig fram á að stjórnvöld falli frá þeim skilmálum sem settir voru í fjárlög fyrir árið 2013 fyrir greiðslum til sveitarfélaganna og komið hafa í veg fyrir greiðslur til þeirra vegna refaveiða.

Jafnrétti til húsnæðislána

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, kallar eftir tafarlausum aðgerðum til að mæta vaxandi þörf eftir nýju íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni.

Aðgengi að lánsfé til byggingar íbúðarhúsnæðis, hvort sem er til eigin búsetu eða útleigu, hefur hríðversnað í kjölfar alþjóðlega efnahagshrunsins. Verst hefur þetta bitnað á landsbyggðinni þar sem aðeins er lánað upp að ákveðnu hlutfalli meints markaðsvirðis viðkomandi fasteignar - sem yfirleitt er mun lægra en áætlaður byggingarkostnaður. Virðist engu skipta þótt afskriftir og töpuð útlán hafi verið mest á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar hruns og hlutfall útlána í vanskilum hjá Íbúðalánasjóði hafi til að mynda verið lægst á Norðurlandi á tímabilinu frá 2003-2012. Afleiðingarnar eru þær að í mörgum byggðarlögum á landsbyggðinni hefur íbúðarhúsnæði ekki verið byggt í áraraðir og þörfin fyrir slíkum nýbyggingum farin að standa vexti byggðarlaganna fyrir þrifum.

Þingið leggur því áherslu á að fljótt verði brugðist við og ný ríkisstjórn standi við gefin fyrirheit í stefnuyfirlýsingu sinni um endurskipulagningu húsnæðismarkaðarins og jafnrétti þegna landsins til búsetu.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, leggur áherslu á að staðinn verði vörður um Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra sem grundvallarstoð byggðar og menntunar í landshlutanum, bæði í bóknámi og verkgreinum. Vel hefur tekist til við þróun nýrra námsleiða við skólann og mikilvægt að því uppbyggingar- og þróunarstarfi verði haldið áfram og skólanum tryggðar nægar fjárveitingar og viðurkenning á nýjum námsbrautum.

Fjölbrautaskóli NV hefur unnið vel heppnað brautryðjendastarf í uppbyggingu dreifnáms á landsbyggðinni og stendur nú að dreifnámi á þremur stöðum, Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík. Ársþingið leggur áherslu á að tryggðir verði fjármunir til lengri tíma til reksturs og frekari þróunar dreifnáms á þessum stöðum. Dreifnámið hefur sannað gildi sitt og styrkir byggð og búsetujafnrétti á Ströndum og Norðurlandi vestra.

Meningarmál

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. okt. 2013, leggur áherslu á framhald menningarsamnings við ríkið en núverandi samningur rennur út í lok þessa árs. Mikilvægt er að nýr samningur verði a.m.k. til þriggja ára.

Framkvæmd menningarsamningsins hefur gengið vel og öflugur stuðningur við menningarstarf er mjög mikilvægur þeim fjölmörgu aðilum á svæðinu sem því sinna.

Þingið harmar þær skerðingar sem hafa verið á framlagi ríkisins á undanförunum árum, einkum á stofn- og rekstrarstyrkjum. Þingið krefst þess að úr þessu verði bætt.

Fjarskiptamál

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, krefst þess að tryggð verði aukin gæði fjarskipta á Norðurlandi vestra hvort sem um ræðir nettengingar, GSM samband á svæðinu eða önnur fjarskipti sem fylgir því að búa í nútímasamfélagi hvort sem það tengist námi, starfi eða til að tryggja öryggi íbúa.

Lögð er áhersla á það sanngirniss- og jafnréttismál að allir íbúar landsins eigi kost á háhraðatengingu sem stenst nútímakröfur óháð búsetu. Sú krafa er í samræmi við fjarskiptaáætlun þar sem rík áhersla er lögð á atvinnuuppbyggingu, bætt lífsgæði og jákvæða byggðaðþróun.



Ennþá búa byggðarlög, m.a við utanverðan Skaga, við afar ótryggt fjarskiptasamband og krefst þingið þess að stjórnvöld bregðist við með tafarlausum úrbótum. Viðar á Norðurlandi vestra eru ónæg fjarskipti sem þarf að ráða bót á. Nægt GSM samband er jafnan talið vera stór öryggisþáttur þegar kemur að ferðalögum um svæðið bæði fyrir ferðamenn sem og íbúa. Viðurkennt er að fjarskipti, hvort sem um ræðir síma-, nettengingu eða aðra gagnaflutninga, geta staðið í vegi fyrir uppbyggingu fyrirtækja og veikir þar með búsetu á svæðinu.

Niðurgreiðslur til húshitunar

21 ársþing SSSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19 október 2013, skorar á stjórnvöld og þingmenn Norðvesturkjördæmis að standa vörð um niðurgreiðslur til húshitunar. Þingið telur að hækka þurfi fjárlagaliðinn verulega við gerð fjárlaga fyrir árið 2014 og óásættanlegt að skerða þau eins og gert er í framlögðu fjárlagafrumvarpi. Þingið bendir á áframhaldandi hækkanir raforkuverðs sem skapa enn meira misvægi milli byggðarlaga. Þingið telur niðurgreiðslurnar afar mikilvægt byggða- og réttlætismál. Húshitunarkostnaður með rafkyndingu er mjög hár í samanburði við jarðvarmaveitur.

Ágúst Þór Bragason lagði fram eftirfarandi tillögu.

Málefni fatlaðra

21. ársþing SSSNV, haldið á Sauðárkróki 17-19. október 2013, gagnrýnir vinnubrögð Jöfnunarsjóðs sem ástunduð voru við ákvörðun og framkvæmd tekjujöfnunar í málefnum fatlaðra fyrir árið 2013.

Vinnubrögðin eru óviðunandi fyrir þjónustusvæðin og óásættanlegt er að tekjuforsendur yfirstandandi árs hafi ekki legið fyrir fyrr en um miðjan maí og reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 tók ekki gildi fyrr en 2.júlí sl.

Ljóst er að tafir á SIS þjónustumati hafa þau áhrif að tvö kerfi eru í gangi við útreikning framlaga sem skapar óvissu og ósamræmi við tekjujöfnun í málefnum fatlaðra.

Ólíðandi er að þjónustusvæði byggðasamlagsins sem ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk þurfi að vinna í umhverfi tekjujöfnunar þar sem hringlandaháttur er viðhafður. Hringlandaháttur sem skapar óvissu með fjármagn til þjónustu getur hæglega framkallað vanlíðan, óhagræði, fjárútlát hjá fötluðu fólk og aðstandendum þeirra.

Mikilvægt er að sátt sé um framkvæmd yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og þar skiptir sátt um aðferðafræði um tekjujöfnun milli sveitarfélaga mestu máli.

Ársþing SSSNV telur að samkomulag ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu málefna fatlaða sé sett í uppnám þegar ákveðin þjónustusvæði (byggðasamlagið) sé fjársvelt líkt og tekjujöfnun ársins 2013 gerir ráð fyrir. Ársþingið fer fram á að farið verði gaumgæfilega yfir málið í heild og allar upplýsingar varðandi útreikninga séu uppi á borðinu.

Ársþingið telur mikilvægt að ákveðinn sveiflujafnari verið settur inn í forsendur útreikninga svo tryggt verði að stöðuleiki verði í fjárframlögum milli ára.

Þjónusta við fatlað fólk er í eðli sínu hljóðlát og mjög viðkvæm, skerðing á tekjum sem byggðasamlagið varð fyrir á yfirstandandi ári setur áratugalangt skipulag þess sem byggir á dreifðri ábyrgð og uppbyggingu þjónustu í heimabyggð í uppnám.

Ársþingið fer fram á tafalausa leiðréttingu á tekjuforsendum yfirstandandi árs ásamt því að sett verði í reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 ákvæði sem gera ráð fyrir auknum kostnaði vegna þjónustu sem veitt er í dreifðum byggðum.

Tryggja verður að uppbygging og veiting þjónustu við fatlað fólk á starfssvæði byggðasamlagsins fái að haldast óáreitt svo hægt verði að vinna áfram að markmiðum yfirfærslunnar með því að stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga, bæta



þjónustu í heild og auka möguleika til að laga hana að þörfum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum.

Að því loknu vísaði þingforseti ofangreindum tillögum til allsherjarnefndar.

Að svo búnu settust þátttakendur í þinghaldi að snæðingi. Þingstörfum var fram haldið kl. 13:15.

Ávörp gesta

Halldór Halldórsson, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Halldór þakkaði fyrir boð á ársþingið. Hann fór yfir samsvörun í stefnu ríkisstjórnar og sambandsins og taldi þar fjölmörg dæmi um samhljóm. Jafnframt finnast dæmi um atriði þar sem engin samsvörun er. Halldór rakti samskipti forsvarsmanna sambandsins við ríkisstjórnina og fór yfir helstu verkefni sem unnið er að á vettvangi samtakanna.

hann taldi stöðu lífeyrisskuldbindinga sveitarfélaga vera mikið áhyggjuefni þar sem mikla fjármuni vantar í sjóðina til að hann geti staðið undir framtíðarskuldbindingum sínum. Að lokum bað hann fyrir bestu kveðjur frá stjórn og starfsmönnum sambandsins.

Halldór studdist við glærur sem aðgengilegar eru á heimasíðu SSNV.

Umræður og fyrirspurnir.

Til máls tóku: Katrín María Andrésdóttir og Bjarni Jónsson og svaraði Halldór fyrirspurnum og athugasemdum þeirra.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra

Ráðherra þakkaði fyrir boð og tækifæri til að ávarpa þingið. Hún ræddi um þau mörgu og brýnu verkefni sem bíða úrlausnar á næstu árum og lagði áherslu á að sveitarstjórnir væru ekki undirstofnanir ríkisins heldur stæðu þau jafnfætis ríkinu á jafnréttisgrundvelli. Flest sveitarfélög hafa tekið af ábyrgð og festu á afleiðingum hrunsins og mætti ríkisvaldið jafnvel læra af því.

Ráðherra fór yfir þau markmið sem eru í stjórnarsáttmálanum og snerta málefni sveitarfélaganna. Eitt af þeim markmiðum er að afnema lágmark útsvars og breytingar á fjármálum sveitarfélaganna. Hvað varðar sameiningar sveitarfélaga þá mun ríkisvaldið ekki þvinga þær fram en hvatt verður til áframhaldandi skoðunar á kostum og göllum slíkra sameininga.

Samdráttur hefur á undanförunum árum orðið í löggæslu- og samgöngumálum og verður að mörgu leyti áfram. Stefna ríkisstjórnarinnar í samgöngumálum er sú að fjármagn til samgönguáætlunar haldi og þá sérstaklega hvað varðar viðhald vega. Hvað innanlandsflug varðar er það stefna ríkisstjórnarinnar að miðstöð innanlandsflugs verði áfram í Vatnsmýrinni í lengri tíma en aðalskipulag gefur til kynna.

Þær 500 milljónir sem bættust inn í löggæsluna verða fyrst og fremst notaðar til að fjölga í mannafla á landsbyggðinni. Þá er von á frumvarpi til að styrkja og efla sýslumanns- og lögreglustjóraembættin.

Að lokum ítrekaði ráðherra óskir um gott samstarf við sveitarfélögin til hagsbóta fyrir fólkið í landinu.

Ávarp ráðherra er aðgengilegt á heimasíðu SSNV.



Umræður og fyrirspurnir

Til máls tóku: Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Elín Líndal og Stefán Vagn Stefánsson og svaraði ráðherra fyrirspurnum og athugasemdum þeirra.

Ungt fólk – verkefni sveitarfélaga og samstarf

Hvað vitum við um unga fólkíð okkar? – María Björk Ingvadóttir, félagsráðgjafi
María Björk studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi – Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst
Vilhjálmur studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Framhaldsskóli í nútímasamfélagi – Þorkell V. Þorsteinsson, aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra
Þorkell studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Hvar vil ég vera? – Norðurland vestra – búsetukostur til framtíðar – Ísak Óli Traustason, formaður nemendafélags Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra
Erindi Ísaks Óla er aðgengilegt á heimasíðu SSNV.

Fyrirspurnir og umræður um framsöguerindi.

Til máls tók: Bjarni Jónsson

Kl. 16:45 frestaði þingforseti fundi til kl. 09:15 á laugardag.

LAUGARDAGUR 19. OKTÓBER 2013

Kl. 9:15, að morgni laugardagsins 19. október 2013, var fundi fram haldið. Við starfi þingforseta tók Ingi Björn Árnason.

Nefndastörf

Tvær nefndir tóku til starfa; allsherjarnefnd sem Stefán Vagn Stefánsson, Skagafirði, stjórnaði og fjárhags- og laganefnd sem Elín Líndal, Húnaþingi vestra, var í forsvari fyrir.

Afgreiðsla nefndarálita, ársreikninga og fjárhagsáætlana

Þingforseti setti formlega dagskrá á ný klukkan 10:50.

Fulltrúatal

Ásta Pálmadóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal fundarins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétt eiga 30 fulltrúar og af þeim eru 29 mættir. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	aðal/vara
Ágúst Þór Bragason	Blönduósþær	aðal



Kári Kárason	Blönduósbær	aðal
Oddný María Gunnarsdóttir	Blönduósbær	aðal
Hörður Ríkharðsson	Blönduósbær	aðal
Jens P. Jenson	Húnavatnshreppur	vara
Magnús R. Sigurðsson.	Húnavatnshreppur	aðal
Þóra Sverrisdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Elín Jóna Rósinberg	Húnaþing vestra	aðal
Elín R. Líndal	Húnaþing vestra	aðal
Leó Örn Þorleifsson	Húnaþing vestra	aðal
Sigurbjörg Jóhannesdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Vignir Sveinsson	Skagabyggð	aðal
Valgeir Karlsson	Skagabyggð	aðal
Ásta Pálmadóttir	Skagafjörður	aðal
Bjarki Tryggvason	Skagafjörður	aðal
Bjarni Jónsson	Skagafjörður	aðal
Jón Magnússon	Skagafjörður	aðal
Margeir Friðriksson	Skagafjörður	aðal
Sigríður Svavarsdóttir	Skagafjörður	aðal
Hanna Þrúður Þórðardóttir	Skagafjörður	aðal
Stefán Vagn Stefánsson	Skagafjörður	aðal
Úlfar Sveinsson	Skagafjörður	aðal
Ingi Björn Árnason	Skagafjörður	vara
Sigríður Magnúsdóttir	Skagafjörður	aðal
Þorsteinn Tómas Broddason	Skagafjörður	aðal
Jensína Lýðsdóttir	Skagaströnd	vara
Halldór G. Ólafsson	Skagaströnd	aðal
Jón Ólafur Sigurjónsson	Skagaströnd	vara
Agnar Gunnarsson	Akrahreppur	aðal

Tillögur allsherjarnefndar

Stefán Vagn Stefánsson gerði grein fyrir tillögum allsherjarnefndar.

Starfsemi og þjónusta eftirlitsstofnana á svæðis- og landsvísu

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, leggur áherslu á að eftirlit og þjónusta við eftirlitsskylda starfsemi í landshlutanum skuli innt af hendi af Heilbrigðiseftirliti, Vinnueftirliti og öðrum eftirlitsaðilum á Norðurlandi vestra. Jafnframt verði eftirlitsaðilum á Norðurlandi vestra falin önnur þau verkefni sem annast þarf á þeim vettvangi í stað þess að færa þau til miðlægra stofnanna sem oft hafa takmarkaða þekkingu á staðháttum og starfsemi á svæðinu. Brynt er að samræma og samþætta eftirlitsstarfsemi til að draga úr heildarkostnaði við eftirlit og þeim kostnaði sem fellur á fyrirtæki og atvinnulíf.

Heilbrigðisþjónusta

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, skorar á ríkisstjórn Íslands og Alþingi að standa vörð um þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt á Norðurlandi vestra og byggja upp nauðsynlega og stöðuga grunnþjónustu eftir langvarandi niðurskurð og



hagræðingu. Þessi mikilvæga nærþjónusta er grundvöllur búsetu og atvinnustarfsemi, ásamt því að vera grunnforsenda þegar kemur að búsetuvali. Óásættanlegt er að þjónustan verði skert meira en orðið er enda munu slíkar skerðingar valda auknu óöryggi meðal íbúa og fyrirtækja á og veikja þannig búsetuskilyrði. Farið verði að ósk heimamanna um stjórnun heilbrigðisþjónustu í héraði.

Sóknaráætlun landshluta

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, lýsir ánægju með það fyrirkomulag sem á hefur komist á vettvangi Sóknaráætlunar landshluta þar sem forræði fjármuna og verkefna hefur verið á höndum heimamanna með samþættingu áætlana og samninga um verkefni á svæðinu að leiðarljósi. Þingið harmar hins vegar að ekki hefur fullur hugur fylgt máli í samþættingu áætlana og uppbyggingu innan landshluta heldur í mörgu þvert á móti verið unnið að breytingum á stjórnsýslu og þjónustu á vegum ríkisins sem er látin ná þvert á skilgreind svæði sóknaráætlana. Hefur þetta leitt til þess að atvinnu- og þjónustuuppbygging ríkisins hefur einkum átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu og nálægum landshlutum en annars staðar verið skorið niður líkt og glögg má sjá í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem unnin var fyrir Bygðastofnun.

Þingið skorar á stjórnvöld að fylgja eftir af heilum hug því starfi sem raunverulega átti að vinna samkvæmt Sóknaráætlun landshluta og tryggja að áfram verði veitt fjármunum í verkefni innan áætlunarinnar.

Almenningssamgöngur

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, lýsir yfir ánægju með aukna þjónustu við íbúa á sviði almenningssamgangna sem hefur reynst mikilvægur þáttur í að styrkja samgöngur innan svæðis og tengja það við aðra landshluta. Vaxandi fjöldi farþega sýnir, svo ekki verður um villst, að áhugi er fyrir að nýta þjónustuna og þróa hana enn frekar. Ársþingið harmar hinsvegar að ekki skuli hafa gengið eftir þau fyrirheit sem gefin voru af hálfu ríkisins varðandi einkaleyfi á umsömdum akstursleiðum og ríkið hafi einhliða ákveðið að hætta niðurgreiðslu olúgjalds vegna almenningssamgangna, með þeim afleiðingum að afkoma verkefnisins hefur ekki orðið í samræmi við áætlanir.

Jafnframt áréttar stjórn SSNV að ekki verði lögð vinna í skipulagningu þjónustu til framtíðar fyrr en gengið hefur verið frá samkomulagi um uppgjör varðandi leið 57 og tengdra leiða og leiðréttur hefur verið sá óásættanlegi forsendubrestur sem orðið hefur frá því að landshlutasamtök sveitarfélaga tóku við verkefninu með samningi við ríkið.

Ársþingið telur áframhaldandi aðkomu sveitarfélaga að verkefninu byggjast á að fjárframlög ríkisins og farþegatekjur dugi fyrir rekstrarkostnaði og að bætt verði lagaleg umgjörð verkefnisins svo umboð til sérleyfisaksturs verði skýrt og óskorað. Ekki er ásættanlegt að kostnaði við almenningssamgöngur verði velt yfir á sveitarfélögin eða ríkið sjái sér leik á borði að nýta sér þær sem nýjan tekjustofn á kostnað sveitarfélaganna.

Jafnframt skorar þingið á innanríkisráðherra að tryggja áframhaldandi áætlunarflug til Sauðárkróks og minnir á að óviðunandi er að Norðurland vestra verði eini landshlutinn sem ekki liggur að höfuðborgarsvæðinu sem ekki nýtur þjónustu innanlandsflugs.

Miðstöð innanlandsflugs áfram í Vatnsmýrinni

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, mótmælir harðlega þeim áformum að flugvöllurinn í Reykjavík verði fluttur úr Vatnsmýri og skorar á borgaryfirvöld að tryggja að staðsetning flugvallar og innanlandsflugs til Reykjavíkur verði óbreytt. Þar er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir íbúa landsins, hvort sem litið er til öryggis, sjúkraflygs, samskipta við stjórnsýslu eða annarrar þjónustu sem staðsett er á höfuðborgarsvæðinu en ætlað er að þjóna landinu öllu.



Samgöngumál

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, leggur ríka áherslu á að unnið verði áfram að uppbyggingu vega á Norðurlandi vestra og mótmælir harðlega því fálæti sem landshlutanum hefur verið sýnt þegar kemur að nýframkvæmdum í Samgönguáætlun 2011-2022. Leggja verður áherslu á að hlutur Norðurlands vestra verði réttur í þeirri vinnu sem nú er að hefjast við endurskoðun Samgönguáætlunar.

Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra hafa lagt á það áherslu að byggja upp greiðari samgöngur innansvæðis, m.a. með viðhaldi núverandi vegakerfis og stækkun atvinnu- og skólasóknarsvæða að leiðarljósi.

Aukin umferð ferðafólks kallar víða á úrbætur á héraðsvegum af öryggissjónamiðum og nauðsynlegt er að leggja héraðs- og tengivegi bundnu slitlagi. Þar með er ekki sagt að í öllum tilvikum þurfi að vera um að ræða tvíbreiða vegi. Þingið beinir því til innanríkisráðherra að eftirfarandi framkvæmdir á Norðurlandi vestra verði settar á samgönguáætlun:

- *Pverárfjallsvegur:* Endurbygging Skagastrandarvegur frá Þjóðvegi 1 að Höskuldsstöðum. Jafnframt verði lokið við frágang vegarins á Sauðárkróki, en það verk er nú hafið.
- *Héraðs- og tengivegir:* Afar brýnt er að stórbæta viðhald héraðs- og tengivega í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og að þeir verði lagðir bundnu slitlagi. Ekki er ásættanlegt að hagsmunir íbúa á Norðurlandi vestra verði áfram fyrir borð bornir þegar kemur að úthlutun fjármuna til viðhalds og nýframkvæmda héraðs- og tengivega. Þingið krefst þess að fjármunir til héraðs- og tengivega á starfssvæði SSNV verði stórákknir frá núgildandi Samgönguáætlun, jafnframt verði úthlutað í nýrri áætlun fjármunum til að halda megi áfram nauðsynlegri uppbyggingu og viðhaldi. Eftirfarandi framkvæmdir eru áherslur ársþingsins:
 - Vatnsnesvegur 711
 - Miðfjarðarvegur 704
 - Þingeyravegur 721
 - Svínvetningabraut 731
 - Skagavegur 745
 - Skagafjarðarvegur 752
 - Reykjastrandarvegur 744
 - Tindastólsvegur 746
- *Þjóðvegur 1:* Áfram verði unnið að viðhaldi og breikkun þjóðvegur 1 á starfssvæði SSNV.
- *Vegstæði um Holtavörðuheidi:* Nú þegar verði hafnar athuganir á lækkuðum vegstæðis þjóðvegur 1 um Holtavörðuheidi og sú framkvæmd sett á Samgönguáætlun. Ársþingið beinir því til þingmanna kjördæmisins að beita sér fyrir að þessar framkvæmdir nái fram að ganga sem fyrst.
- *Kjalvegur:* Sívaxandi umferð um Kjalveg krefst mun meira viðhalds og þjónustu en verið hefur. Þingið skorar á samgönguyfirvöld að bæta hér úr.

Skerðingu á pósthjónustu mótmælt

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, lýsir furðu sinni á framkomnum hugmyndum um breytingu á reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu. Ef breytingarnar ná fram að ganga verður pósti í dreifbýli eingöngu dreift annan hvorn virkan dag. Er þar fylgt á eftir harkalegri þjónustuskerðingu sem keyrð hefur verið af hálfu Póstsins undanfarin ár þar sem fjöldi pósthúsa hefur verið lokað á þéttbýlisstöðum vítt og breitt um landið. Einnig hefur víða verið lögð af póstdreifing til heimila í dreifbýli sem er í hróplegu ósamræmi við almenna jafnræðisreglu sem ríkisfyrirtæki í almannathjónustu ber að virða.



Við kynningu á fyrrgreindum breytingum hefur verið vísað til þess að rafrænar sendingar á pósti hafi stórauðist á undanförunum árum og að flestir landsmenn hafi aðgang að reikningum í gegnum heimabanka enda hafi þeir nær allir aðgang að háhraðatengingum eftir aðkomu fjarskiptasjóðs. Minnir þingið í því sambandi á fréttir víðs vegar af landinu um afar slæmar og hægar nettengingar sem íbúar landsbyggðarinnar búa við og þurfa að auki að greiða sama verð fyrir og íbúar svæða sem njóta raunverulegra háhraðatenginga.

Þingið minnir ennfremur á að í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar Íslands segir að hún leggi áherslu á jafnrétti til búsetu og að íbúar landsins fái notið þeirrar grunnþjónustu sem gera á kröfu um í nútímasamfélagi. Ef innanríkisráðherra undirritar ofangreinda reglugerð svíkur hann yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar þannig eftir aðeins 5-7 mánuði í starfi.

Þing SSNV skorar á innanríkisráðherra og ríkisstjórn Íslands að standa við gefin fyrirheit í stefnuyfirlýsingu sinni og horfa til framtíðar í stað þjónustustigs sem heyrir fortíðinni til.

Atvinnumál

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, leggur áherslu á eftirfarandi þætti í atvinnumálum:

- Í ljósi íbúa- og hagvaxtarþróunar liðinna ára á Norðurlandi vestra krefst þingið þess að stjórnvöld beiti sér sérstaklega fyrir því að áform um uppbyggingu mannaflsfreks iðnaðar nái fram að ganga á starfssvæði samtakanna, líkt og unnið hefur verið í öðrum landshlutum á undanförunum árum og áratugum. Þá krefst þingið þess að ráðist verði í stækkun Blönduvirkjunar og orkuframleiðsla virkjunarinnar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu eins og stjórnvöld gáfu fyrirheit um á sínum tíma.
- Mikilvægt er að tryggja stöðugleika og framþróun í rekstrarumhverfi sjávarútvegs og landbúnaðar sem eru grunnstoðir atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Þingið leggur þunga áherslu á að hagsmunir sjávarútvegs og landbúnaðar verði tryggðir í hvívetna.
- Strandveiðar hafa sannað gildi sitt og haft jákvæð áhrif. Mikilvægt er að þróa það kerfi áfram. Þá er einnig mikilvægt að byggðastuðningur í gegnum línuúvilnun og byggðakvóta verði áfram til staðar.
- Flutningskostnaður er landsbyggðarskattur og því er afar brýnt að tillögur um skerðingu á fjármunum til jöfnunar flutningskostnaðar verði endurskoðaðar í því skyni að jafna kjör allra landsmanna í þessum efnum. Þá telur þingið að taka þurfi skattlagningu á eldsneyti til endurskoðunar því hátt eldsneytisverð hefur nú þegar haft neikvæð áhrif, m.a. á ferðaþjónustu og framleiðslukostnað fyrirtækja á landsbyggðinni.
- Fjármagn verði tryggt til forgangsverkefna í Sóknaráætlun landshlutans og annarra verkefna í samræmi við forgangsroðun heimamanna. Fyrir liggur að skerðing á framlögum til opinberrar starfsemi hefur hvergi orðið meiri undanfarin ár en á Norðurlandi vestra. Brýnt er að ógna ekki frekar búsetuskilyrðum og byggðapróun í landshlutanum með vanhugsuðum skerðingum og samdrætti í framlögum og þjónustu, þar sem vilji heimamanna og hagsmunir hafa ítrekað verið fyrir borð bornir.
- Starfsemi landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaganna verði tryggð. Þingið leggur áherslu á að sveitarfélög í hverjum landshluta verði leiðandi í boðaðri endurskoðun á stöðkerfi atvinnulífsins og bendir í því sambandi á markmið Sóknaráætlunar landshluta um aukin áhrif sveitarfélaga og aðila í héraði í svæðisbundinni stefnumótun.
- Að aðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni á samkeppnishæfum kjörum verði tryggt, m.a. í gegnum lánasvið Byggðastofnunar og aðrar fjármálastofnanir í landinu.
- Miklir möguleikar felast í uppbyggingu ferðaþjónustu í landshlutanum. Nauðsynlegt er að leiða saman hagsmunaaðila í ferðaþjónustu á svæðinu sem vinni ásamt samtökunum að sérstöku átaksverkefni í kynningar- og markaðsstarfi fyrir greinina.
- Vel hefur tekist til með uppbyggingu á rannsókn- og þróunarstarfi á sviði nýtingar náttúruauðlinda og matvælaíðnaðar í landshlutanum. Skapar það NV mikilvæga sérstöðu



á landsvísu. Má þar nefna fjölbreytt starf í Verinu, hjá BioPol og Selasetri Íslands. Mikil sóknarfæri felast í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækja og stofnana á þessu sviði og mikilvægt að stjórnvöld styðji enn betur við þessa vaxtarbrodda í landshlutanum.

Refa- og minkaveiðar

21. ársþing SSSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, skorar á ríkisvaldið að veita auknu fjármagni til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink. Veiðarnar stuðla að því að unnt sé að meta og draga úr tjóni af völdum refa og minka og tryggja nauðsynlegt jafnvægi í lífríkinu. Oft fellur til mikill kostnaður á fámenn en landmikil sveitarfélög vegna veiðanna. Þingið fer fram á endurgreiðslur á virðisaukaskatti til sveitarfélaganna vegna veiðanna, til lækkunar á kostnaði. Þá fer þingið einnig fram á að stjórnvöld falli frá þeim skilmálum sem settir voru í fjárlög fyrir árið 2013 fyrir greiðslum til sveitarfélaganna og komið hafa í veg fyrir greiðslur til þeirra vegna refaveiða.

Jafnrétti til húsnæðislána

21. ársþing SSSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, kallar eftir tafarlausum aðgerðum til að mæta vaxandi þörf eftir nýju íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni. Aðgengi að lánsfé til byggingar íbúðarhúsnæðis, hvort sem er til eigin búsetu eða útleigu, hefur hríðversnað í kjölfar alþjóðlega efnahagshrunsins. Verst hefur þetta bitnað á landsbyggðinni þar sem aðeins er lánað upp að ákveðnu hlutfalli meints markaðsvirðis viðkomandi fasteignar - sem yfirleitt er mun lægra en áætlaður byggingarkostnaður. Virðist engu skipta þótt afskriftir og töpuð útlán hafi verið mest á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar hruns og hlutfall útlána í vanskilum hjá Íbúðalánasjóði hafi til að mynda verið lægst á Norðurlandi á tímabilinu frá 2003-2012. Afleiðingarnar eru þær að í mörgum byggðarlögum á landsbyggðinni hefur íbúðarhúsnæði ekki verið byggt í áraraðir og þörfin fyrir slíkum nýbyggingum farin að standa vexti byggðarlaganna fyrir þrifum. Þingið leggur því áherslu á að fljótt verði brugðist við og ný ríkisstjórn standi við gefin fyrirheit í stefnuyfirlýsingu sinni um endurskipulagningu húsnæðismarkaðarins og jafnrétti þegna landsins til búsetu.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

21. ársþing SSSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, leggur áherslu á að staðinn verði vörður um Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra sem grundvallarstoð byggðar og menntunar í landshlutanum, bæði í bóknámi og verkgreinum. Vel hefur tekist til við þróun nýrra námsleiða við skólann og mikilvægt að því uppbyggingar- og þróunarstarfi verði haldið áfram og skólanum tryggðar nægar fjárveitingar og viðurkenning á nýjum námsbrautum. Fjölbrautaskóli NV hefur unnið vel heppnað brautryðjendastarf í uppbyggingu dreifnáms á landsbyggðinni og stendur nú að dreifnámi á þremur stöðum, Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík. Ársþingið leggur áherslu á að tryggðir verði fjármunir til lengri tíma til reksturs og frekari þróunar dreifnáms á þessum stöðum. Dreifnámið hefur sannað gildi sitt og styrkir byggð og búsetujafnrétti á Ströndum og Norðurlandi vestra. Ársþingið skorar á menntamálaráðherra að beita sér fyrir að sú breyting verði gerð á lögum/reglugerð um námsstyrki að heimilt verði að greiða þeim skólum sem setja upp dreifnám jafngildi þeirra dvalarstyrkja sem annars falla niður vegna áhrifa dreifnámsins fyrstu þrjú árin sem dreifnámið er starfrækt.

Háskólinn á Hólum

21. ársþing SSSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. okt. 2013, hvetur yfirvöld menntamála til þess að finna lausn á eldri fjárhagsvanda Háskólans á Hólum. Skólastjórnendum er nauðsyn að geta einbeitt sér að núverandi starfsemi og uppbyggingu til framtíðar.



Menningarmál

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. okt. 2013, leggur áherslu á framhald menningarsamnings við ríkið en núverandi samningur rennur út í lok þessa árs. Mikilvægt er að nýr samningur verði a.m.k. til þriggja ára.

Framkvæmd menningarsamningsins hefur gengið vel og öflugur stuðningur við menningarstarf er mjög mikilvægur þeim fjölmörgu aðilum á svæðinu sem því sinna.

Þingið harmar þær skerðingar sem hafa verið á framlagi ríkisins á undanförunum árum, einkum á stofn- og rekstrarstyrkjum. Þingið krefst þess að úr þessu verði bætt.

Fjarskiptamál

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, krefst þess að tryggð verði aukin gæði fjarskipta á Norðurlandi vestra hvort sem um ræðir nettengingar, GSM samband á svæðinu eða önnur fjarskipti sem fylgir því að búa í nútímasamfélagi, hvort sem það tengist námi, starfi eða til að tryggja öryggi íbúa.

Lögð er áhersla á það sanngirnis- og jafnréttismál að allir íbúar landsins eigi kost á háhraðatengingu sem stenst nútímakröfur óháð búsetu. Sú krafa er í samræmi við fjarskiptaáætlun þar sem rík áhersla er lögð á atvinnuuppbyggingu, bætt lífsgæði og jákvæða byggðaðpróun.

Ennþá búa byggðarlög, m.a við utanverðan Skaga, við afar ótryggt fjarskiptasamband og krefst þingið þess að stjórnvöld bregðist við með tafarlausum úrbótum. Víðar á Norðurlandi vestra eru ónæg fjarskipti sem þarf að ráða bót á. Nægt GSM samband er jafnan talið vera stór öryggisþáttur þegar kemur að ferðalögum um svæðið, bæði fyrir ferðamenn sem og íbúa. Viðurkennt er að fjarskipti, hvort sem um ræðir síma-, nettengingu eða aðra gagnaflutninga, geta staðið í vegi fyrir uppbyggingu fyrirtækja og veikir þar með búsetu á svæðinu.

Niðurgreiðslur til húshitunar

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, skorar á stjórnvöld og þingmenn Norðvesturkjördæmis að standa vörð um niðurgreiðslur til húshitunar. Þingið telur að hækka þurfi fjárlagaliðinn verulega við gerð fjárlaga fyrir árið 2014 og óásættanlegt að skerða þau eins og gert er í framlögðu fjárlagafrumvarpi. Þingið bendir á áframhaldandi hækkanir raforkuverðs sem skapa enn meira misvægi milli byggðarlaga. Þingið telur niðurgreiðslurnar afar mikilvægt byggða- og réttlætismál. Húshitunarkostnaður með rafkyndingu er mjög hár í samanburði við jarðvarmaveitur.

Málefni fatlaðs fólks

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, gagnrýnir vinnubrögð Jöfnunarsjóðs sem ástunduð voru við ákvörðun og framkvæmd tekjujöfnunar í málefnum fatlaðra fyrir árið 2013.

Vinnubrögðin eru óviðunandi fyrir þjónustusvæðin og óásættanlegt er að tekjuforsendur yfirstandandi árs hafi ekki legið fyrir fyrr en um miðjan maí og að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 tók ekki gildi fyrr en 2. júlí sl.

Ljóst er að tafir á SIS þjónustumati hafa þau áhrif að tvö kerfi eru í gangi við útreikning framlaga sem skapar óvissu og ósamræmi við tekjujöfnun í málefnum fatlaðra.

Ólíðandi er að þjónustusvæði byggðasamlagsins, sem ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk, þurfi að vinna í umhverfi tekjujöfnunar þar sem hringlandaháttur er viðhafður. Hringlandaháttur sem skapar óvissu með fjármagn til þjónustu getur hæglega framkallað vanlíðan, óhagræði, fjárútlát hjá fötluðu fólki og aðstandendum þeirra.

Mikilvægt er að sátt sé um framkvæmd yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og þar skiptir sátt um aðferðafræði um tekjujöfnun milli sveitarfélaga mestu máli.



Árþing SSNV telur að samkomulag ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu málefna fatlaða sé sett í uppnám þegar ákveðin þjónustusvæði (byggðasamlagið) sé fjársvelt líkt og tekjujöfnun ársins 2013 gerir ráð fyrir. Árþingið fer fram á að farið verði gaumgæfilega yfir málið í heild og allar upplýsingar varðandi útreikninga séu uppi á borðinu. Árþingið telur mikilvægt að ákveðin sveiflujöfnun verði sett inn í forsendur útreikninga svo tryggt verði að stöðugleiki verði í fjárframlögum milli ára.

Þjónusta við fatlað fólk er í eðli sínu hljóðlát og mjög viðkvæm, skerðing á tekjum sem byggðasamlagið varð fyrir á yfirstandandi ári setur áratugalangt skipulag þess sem byggir á dreifðri ábyrgð og uppbyggingu þjónustu í heimabyggð í uppnám.

Árþingið fer fram á tafarlausa leiðréttingu á tekjuforsendum yfirstandandi árs ásamt því að sett verði í reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 ákvæði sem gera ráð fyrir auknum kostnaði vegna þjónustu sem veitt er í dreifðum byggðum.

Tryggja verður að uppbygging og veiting þjónustu við fatlað fólk á starfssvæði byggðasamlagsins fái að haldast óáreitt svo hægt verði að vinna áfram að markmiðum yfirfærslunnar með því að stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga, bæta þjónustu í heild og auka möguleika til að laga hana að þörfum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum.

Umræður um ályktanir og afgreiðsla þeirra

Til máls tók: Ásta Pálmadóttir

Að höfðu samráði þingforseta við þingfulltrúa voru ofangreindar tillögur bornar upp í einu lagi og voru þær samþykktar samhljóða.

Tillaga um aukabætur SSNV

Bjarni Jónsson, formaður SSNV, flutti eftirfarandi tillögu:

Boðað verður til aukabætur SSNV fyrir 15. des nk.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Tillögur fjárhags- og laganefndar

Elín Líndal gerði grein fyrir tillögum fjárhags- og laganefndar.

Ársreikningar

21. árþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, samþykkir ársreikninga SSNV, SSNV atvinnuþróunar, Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra, Menningarráðs Norðurlands vestra og Heilbrigðis- eftirlits Norðurlands vestra, fyrir árið 2012.

Fjárhagsáætlanir

21. árþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, samþykkir fjárhagsáætlanir SSNV og SSNV atvinnuþróunar og Menningarráðs Norðurlands vestra fyrir árið 2014 með fyrirvara um framlög opinberra aðila.

Fjárhagsáætlun Byggðasamlags um málefni fatlaðra

21. árþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, vísar afgreiðslu fjárhagsáætlunar Byggðasamlags um málefni fatlaðra verði vísað til aukabætur SSNV.



Greinargerð:

Þingið telur ekki fært að leggja fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2014, þar sem hvorki liggja fyrir tekjuforsendur ársins 2014 eða hver endanleg framlög vegna ársins 2013 verða.

Á ársþinginu hafa verið lagðar fram til kynningar tvær sviðsmyndir varðandi fjárhag málaflokksins, annars vegar áætlun sem tekur mið af fjárhagsáætlun ársins 2013 og hins vegar áætlun sem tekur mið af því að fjárframlög ársins verði svipuð og áætluð framlög 2013. Á aukþingi verði fjárhagsáætlun lögð fram og unnið áfram með hugmyndir varðandi framtíðarskipan í málefnum fatlaðs fólks á þjónustusvæði byggðasamlagsins.

Lög og þingsköp SSNV

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. október 2013, felur stjórn SSNV að endurskoða lög og þingsköp SSNV í framhaldi af nýlegum sveitarstjórnarlögum.

Enginn kvaddi sér hljóðs og voru tillögur nefndarinnar samþykktar samhljóða.

Ávörp gesta

Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra

Ráðherra þakkaði fyrir tækifærið til að ávarpa þingið. Hann benti á að það væru alltaf sömu verkefni sem unnið væri að og of mikill tími fari í að verjast. Fjárlög taka mið af ákveðnu ástandi og markmiðið er að skila hallalausum fjárlögum.

Miklu máli skiptir að heimamenn hér tali saman, vinni saman og standi saman. Mörg dæmi væru um góðan árangur þess.

Ráðherra taldi að víða væru sóknarfæri í kjördæminu og þá sérstaklega sóknarfæri í atvinnumálum. Margar hugmyndir hafa komið fram á undanförunum árum og nú þarf að taka þær saman og vinna heildarskipulag til að vinna með.

Þá flutti Gunnar Bragi kveðju frá þeim þingmönnum sem ekki sóttu ársþingið heim.

Umræður og fyrirspurnir

Til máls tóku: Bjarni Jónsson, Katrín María Andrésdóttir, Elín Líndal, Einar Kr. Guðfinnsson og Hörður Ríkharðsson. Svaraði ráðherra fyrirspurnum þeirra og athugasemdum.

Umræður um málefni sveitarfélaganna

Til máls tóku: Stefán Vagn Stefánsson

Önnur mál

Enginn tók til máls undir þessum dagskrárlið.

Þingslit

Bjarni Jónsson, formaður SSNV, þakkaði þingfulltrúum, gestum og starfsmönnum þingsins fyrir ánægjulegt og starfsamt þing og sagði síðan þinginu slitið klukkan 12.05.

Fundargerðina rituðu Ingibergur Guðmundsson og Stefán Haraldsson